

# Héraðsdómur Reykjavíkur

Úrskurður 7. nóvember 2024

Mál nr. Y-1518/2024:

A

(Davíð Örn Guðnason lögmaður)

gegn

Skattinum

(Jóhanna Lára Guðbrandsdóttir lögmaður)

## Úrskurður

Mál þetta, sem þingfest var 27. mars 2024, barst dóminum 8. mars s.á. og var tekið til úrskurðar 10. október 2024. Söknaðili er A, kt. [...], [...], en varnaraðili er Skatturinn, Katrínartúni 6, Reykjavík.

Söknaðili krefst þess að felld verði úr gildi aðfarargerð nr. 2023-[...] sem Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu gerði 15. janúar 2024 í bifreið söknaðila með skráningarnúmerið [...] af gerðinni [...], til tryggingar kröfu varnaraðila. Þá er þess einnig krafist að fullnustuaðgerðum verði frestað þar til fyrir liggur endanleg niðurstaða dómstóla í máli þessu. Þá krefst söknaðili greiðslu málskostnaðar vegna reksturs málsins fyrir héraðsdómi samkvæmt mati réttarins eða samkvæmt síðar framlögðum málskostnaðarreikningi.

Varnaraðili krefst þess að kröfum söknaðila verði hafnað og að aðfarargerð sýslumannsins verði staðfest fyrir kröfu að fjárhæð 4.515.948 krónur. Þá er krafist greiðslu málskostnaðar að mati dómsins.

Við munnlegan flutning málsins féll söknaðili frá kröfum og málsástæðum sem lutu að meintu 25% álagi sem lagt hefði verið á söknaðila samkvæmt 2. mgr. 108. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt. Þá kom einnig fram við munnlegan flutning málsins að ágreiningslaust væri á milli málsaðila að 2,5% álag ætti sér skýra stoð í 1. mgr. 122. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt. Hefur söknaðili því einnig fallið frá málsástæðum sínum þar að lútandi.

I

### Málsatvik

Söknaðili í máli þessu er fyrrverandi eiginkona B, en þau skildu að borði og sæng 30. apríl 2020. B var úrskurðaður gjaldþrota 6. desember 2021. Engar eignir fundust í búinu og var skiptum lokið samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 25. febrúar 2022.

Þau gjöld sem eru til innheimtu og eru til grundvallar hinni umþrættu aðfarargerð í máli þessu eru vegna álagningar opinberra gjalda sóknaraðila 2019 og 2020, þ.e. vegna tekna árána 2018 og 2019, sem fram fór í samræmi við sameiginleg innsend skattframtöl sóknaraðila og þáverandi eiginmanns hennar. Samkvæmt gögnum málsins stafa hin álögðu opinberu gjöld sóknaraðila og eiginmanns hennar því frá þeim tekjuárum sem þau voru enn í hjúskap.

Álagningu gjaldársins 2019 var lokið 31. maí 2019 og álagningu gjaldársins 2020 var lokið 29. maí 2020, með auglýsingum ríkisskattstjóra um að álagningu hefði verið lokið í samræmi við 98. gr. laga nr. 90/2003. Gjaldféll álagningin í framhaldinu með jöfnum mánaðarlegum greiðslum annars vegar á tímabilinu 1. júní til 1. desember 2019 og hins vegar á tímabilinu frá 1. júní til 1. desember 2020.

Hinn 16. maí 2023 var greiðsluáskorun frá varnaraðila, dags. 28. apríl 2023, birt á lögheimili sóknaraðila, fyrir fyrirverandi eiginmanni sóknaraðila. Í henni kemur fram að sóknaraðili sé ábyrg fyrir tilgreindum skuldum fyrrum eiginmanns hennar, auk áfallinna dráttarvaxta samkvæmt vaxtalögum nr. 38/2001 til greiðsludags og annars áfallandi kostnaðar. Í kjölfarið var aðfararbeiðni send Héraðsdómi Reykjavíkur, dags. 26. júní 2023, sem móttækin var sama dag. Aðför til fullnustu kröfunni var því næst árituð af héraðsdómi um fullnustu 5. desember 2023. Í greiðslustöðuyfirliti sem fylgdi aðfararbeiðni kemur fram að elsti gjalddagi þeirrar kröfu sem liggur til grundvallar aðfararbeiðninni er tilgreindur 201907 eða 1. júlí 2019.

Árituð aðfararbeiðnin, dags. 14. desember 2023, var síðan send Sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu. Samkvæmt endurriti úr gerðabók sýslumanns, dags. 26. mars 2024, var beiðnin tekin fyrir 15. janúar 2024. Fjárnám var gert fyrir kröfum varnaraðila í eignarhlut sóknaraðila í bifreiðinni [...] af gerðinni [...] til tryggingar kröfu varnaraðila að fjárhæð 4.918.183 krónur. Í aðfararbeiðni kemur fram nánari sundurliðun kröfunnar. Þar segir að vangoldinn höfuðstóll nemi samtals 3.225.718 krónum, og að um sé að ræða gjaldfallnar skuldir vegna þing- og sveitarsjóðsgjalda á tímabilinu júlí 2019 til desember 2020. Á yfirlitinu kemur einnig fram að áfallnir dráttarvextir séu 1.658.465 krónur og kostnaður, þ.m.t. vegna aðfarargjalds í ríkissjóð, 33.000 krónur, eða samtals 4.918.183 krónur.

Með bréfi sýslumanns, dags. 27. desember 2023, var sóknaraðila tilkynnt að fjárnámsbeiðnin yrði tekin fyrir 15. janúar 2024 fyrir kröfu að fjárhæð 4.918.183 krónur. Samkvæmt greindu endurriti úr gerðabók sýslumanns, dags. 26. mars 2024, mætti sóknaraðili ekki þegar málið var tekið fyrir og gert var fjárnám í eignarhlut sóknaraðila í ökutækinu [...], [...].

## II

### 1. Helstu málsástæður og lagarök sóknaraðila

Í fyrsta lagi telur sóknaraðili kröfu varnaraðila vanreifaða. Höfuðstóll fjárnámsupphæðar sé óskýr. Þá sé útreikningur dráttarvaxta óskýr og upphafsdagur þeirra. Þá sé ekki sé ljóst af hvaða upphæð verið sé að reikna dráttarvexti. Óljóst sé hvenær sóknaraðila var birt greiðsluáskorun og frá þeim tíma ætti fyrst að vera mögulegt að krefjast dráttarvaxta af höfuðstól kröfunnar, einum mánuði frá birtingardegi, sbr. 3. mgr. 5. gr. vaxtalaga nr. 38/2001. Þessi óskýrleiki leiði til þess að vísa beri fjárnáminu í heild sinni frá. Þá vísar sóknaraðili til breytinga sem gerðar voru á lögum um tekjuskatt með lögum nr. 18/2018, sem öðluðust gildi 15. maí 2020. Með breytingu þessari hafi fyrst verið tilgreint í lögum að maki bæri ábyrgð á greiðslu dráttarvaxta. Bendir sóknaraðili á að tilefni lagabreytingar hafi verið dómur Hæstaréttar frá 16. janúar 2018 í máli nr. 18/2018, þar sem komist var að þeirri niðurstöðu að álagsgreiðslur væru ólögsmætar. Sóknaraðili bendir á að ekki hafi verið skorið úr um lögsmæti dráttarvaxta í dóminum

Í öðru lagi er *adallega* á því byggt að sóknaraðila hafi ekki verið gefinn kostur á að taka til varna gagnvart skattaskuldinni og dráttarvöxtum. Með lögfestingu 8. mgr. 116. gr. laga nr. 90/2003 hefði löggjafinn átt að tryggja mökum skýra stöðu aðila í skattamálum maka. Þar sem það var ekki gert hafi varnaraðili brotið gegn ákvæðum 72. gr., 70. gr., 77. gr., 71. gr. „og samsvarandi ákvæðum í mannréttindasáttmála Evrópu“. Að öðru leyti er því ekki lýst í bréfi sóknaraðila til dómsins í hverju hin meintu brot varnaraðila við meðferð málsins hafi falist.

Í þriðja lagi hafi andmælaréttur og aðrar málsmeðferðarreglur stjórnarsýsluréttar ekki verið virtar á stjórnarsýslustigi. Sóknaraðili telur „*adallega* að við skattrannsókn og málsmeðferð á stjórnarsýslustigi í skattalegri málsmeðferð á endurákvörðun framtala“ fyrrverandi eiginmanns hennar hafi borið að veita sóknaraðila fullan rétt skv. málsmeðferðarreglum stjórnarsýsluréttarins í samræmi við stjórnarsýslulög. Til vara telur sóknaraðili að hún geti ekki talist aðili máls við endurálagningu tekjuskatts fyrrverandi eiginmanns hennar álagningarárin 2019 og 2020 og að þá valkvæðu ákvörðun varnaraðila að nýta ábyrgð hennar skv. 116. gr. laga nr. 90/2003 til greiðslu á skattaskuldum fyrrverandi eiginmanns hennar beri að líta á sem sjálfstæða og nýja stjórnvaldsákvörðun gagnvart henni. Þannig hefði þurft að upplýsa hana sérstaklega um ábyrgð hennar á skattaskuldum fyrrum eiginmanns hennar, veita henni rétt til að andmæla þannig að málið yrði nægjanlega rannsakað. Þar sem þetta hafi ekki verið gert beri að ógilda fjárnámið.

Í fjórða lagi sé krafa varnaraðila fallin niður fyrir fyrningu og tómlæti. Krafa sóknaraðila hafi orðið til vegna tekna fyrrverandi maka á árunum „2019 og 2020“ og sé niður fallin vegna fyrningar „skv. ákvæðum skattalaga og eins lögum nr. 150/2007“. Hefðbundinn fjögurra ára fyrningarfrestur hvíli á skattaskuldum fyrrverandi maka. Þegar fjárnámið var framkvæmt „hafi stærstur hluti eða jafnvel krafan í heild [verið] fyrnd“. Að öðru leyti er málsástæða þessi ekki rökstudd frekar af hálfu sóknaraðila.

Við munnlega flutning málsins tók sóknaraðili fram að krafa varnaraðila væri fyrnd í heild eða að hluta á grundvelli 9. og 52. gr. laga nr. 90/1989, vegna ástæðulauss dráttar á framkvæmd aðfararbeiðni hjá Héraðsdómi Reykjavíkur og Skattinum.

Í fimmta lagi hafi sóknaraðili verið skilin að borði og sæng frá 30. apríl 2020, ábyrgð hennar á skuldum maka hafi fallið niður frá þeim tímamörkum.

## *2. Helstu málsástæður og lagarök varnaraðila.*

Varnaraðili byggir á því að sóknaraðili beri lögboðna sjálfskuldarábyrgð á vangoldnum sköttum sem maki gjaldanda.

Er því hafnað að fjárnámsgerð varnaraðila sé vanreifuð. Greiðslustöðuyfirlit sóknaraðila, A, hafi fylgt aðfararbeiðni sem send var sýslumanni 14. desember 2023. Þar komi fram sundurliðun á höfuðstól skuldarinnar, samtals að fjárhæð 3.225.718 krónur, fjárhæðin sé tilgreind á aðfararbeiðni og í endurriti úr gerðabók sýslumanns. Af greiðslustöðuyfirlitinu megi einnig sjá að skuldin sé vegna vangoldinna þing- og sveitarsjóðsgjalda og sundurliðun skuldarinnar á einstaka gjalddaga eftir tímabilum. Þá komi einnig fram á greiðslustöðuyfirlitinu sundurliðun dráttarvaxta eftir tímabilum.

Varnaraðili tekur fram að álag og dráttarvextir séu hluti skattkröfunnar, sbr. lokamálslið 1. mgr. 7. gr. laga nr. 150/2019 um innheimtu opinberra skatta og gjalda. Þá komi fram í 8. mgr. 116. gr. laga nr. 90/2003 að þeir sem beri ábyrgð á skattgreiðslum beri einnig ábyrgð á greiðslu dráttarvaxta, kostnaðar og álags sem lagt er á aðalskuldara skv. 108. og 122. gr. og skv. 28. gr. laga um staðgreiðslu opinberra gjalda nr. 45/1987. Sóknaraðili beri samkvæmt þessu sjálfskuldarábyrgð á greiðslu allra þeirra gjalda sem aðfarargerð 2023-[...] byggist á.

Um útreikning á dráttarvaxtakröfu vísar varnaraðili til 8. mgr. 116. gr. laga nr. 90/2003 en þeir sem beri ábyrgð á skattgreiðslum skv. 1., 2., eða 4. mgr. 116. gr. laganna beri einnig ábyrgð á greiðslu dráttarvaxta sem lagðir eru á aðalskuldara þar sem álag og dráttarvextir séu hluti skattkröfunnar. Á greiðslustöðuyfirliti sjáist sundurliðun tímabila og upphafsdagur dráttarvaxta er sé fyrsta mánaðar hvers tímabils sem um ræðir. Krafa varnaraðila um greiðslu dráttarvaxta sé skýr og sundurliðuð og byggist álagning og innheimta dráttarvaxta gagnvart sóknaraðila á skýru lagaákvæði 1. mgr. 114. gr. laga nr. 90/2003. Vegna fullyrðingar í kröfugerð sóknaraðila um að ekki liggi fyrir hvenær greiðsluáskorun hafi verið birt bendir varnaraðili á birtingarvottorð greiðsluáskorunar sem liggi fyrir í gögnum málsins og sóknaraðili hafi sjálf lagt fram. Birting greiðsluáskorunar hafi þó ekki áhrif á upphafsdag dráttarvaxtaútreiknings á hendur sóknaraðila enda byggist ábyrgð sóknaraðila á greiðslu skatta, vaxta og álags á 116. gr. laga nr. 90/2003 og lögboðnum gjalddaga krafanna skv. 4. mgr. 112. gr. laganna.

Varnaraðili mótmælir málsástæðu sóknaraðila um að sóknaraðila hafi ekki verið gefið tækifæri til að taka til varna gagnvart skattaskuld og dráttarvöxtum. Sóknaraðili

vísar til dóms Hæstaréttar í máli nr. 426/2017 þar sem ekki var talið að við meðferð ríkisskattstjóra á máli fyrrum sambúðaraðila sóknaraðila hefðu reglur stjórnvaxlagalaga verið brotnar gagnvart sóknaraðila, enda ljóst að endurálagning gagnvart honum sem sjálfstæðum skattaðila fælu ekki í sér gjaldbreytingu gagnvart sóknaraðila og sóknaraðili væri ekki aðili þess stjórnvaxlagamáls. Sagði enn fremur í dómnum að regla 1. mgr. 116. gr. laga nr. 90/2003 breytti ekki þeirri niðurstöðu.

Þá bendir varnaraðili á að skattaskuld sóknaraðila sé ekki tilkomin vegna endurálagningar, heldur sé um að ræða vangoldin opinber gjöld ásamt álagi og dráttarvöxtum vegna tekjuáranna 2018 og 2019 sem voru lögð á í samræmi við sameiginlegt framtal sóknaraðila og fyrrverandi eiginmanns hennar á þeim tíma sem þau voru í hjúskap. Málið snúist því um innheimtu vegna vangoldinna þing- og sveitarsjóðsgjalda. Engin skattrannsókn fór fram á stjórnvaxlagalagum. Málsástæða þessi eigi því ekki við rök að styðjast.

Varnaraðili bendir á að sóknaraðili hafi ekki mætt til sýslumanns þegar gerðin var tekin fyrir, þrátt fyrir boðanir, og að fyrrum eiginmaður sóknaraðila hafi tekið við birtingu í málinu 16. maí 2023, í íbúð og á lögheimili sóknaraðila. Fyrrum eiginmaður sóknaraðila hafi verið úrskurðaður gjaldþrota og skiptum á búi hans hafi lokið án þess að greitt væri upp í lýstar kröfur. Því sé varnaraðila nauðsynlegt samkvæmt fyrir mælum laga að innheimta vangreidd gjöld hjá sóknaraðila vegna þeirra skatta og gjalda sem sóknaraðili beri ábyrgð á samkvæmt lögum um tekjuskatt nr. 90/2003.

Hvað varðar kröfu sóknaraðila til vara um að hún geti ekki talist aðili máls í skattalegri meðferð á tekjuskatti sambylismanns síns gjaldárin 2018 og 2019 bendir varnaraðili á að það komi skýrt fram í orðalagi 116. gr. laga nr. 90/2003 að hjón beri óskipta ábyrgð á greiðslum skatta sem á þau eru lagðir og geti innheimtumaður gengið að hvoru hjóna um sig til greiðslu á sköttum þeirra beggja. Ekki sé um matskennda stjórnvaldsákvörðun að ræða sem krefjist sérstakrar tilkynningar um upphaf aðgerða með öðrum hætti en þeim að birt var greiðsluáskorun fyrir sóknaraðila í samræmi við 7. gr. laga nr. 90/1989 um aðför.

Varnaraðili telur nauðsynlegt að beina innheimtuaðgerðum að sóknaraðila þar sem innheimtuaðgerðir gagnvart fyrrverandi maka sóknaraðila hafi verið árangurslausar. Skatturinn sé innheimtumaður ríkissjóðs á höfuðborgarsvæðinu, sbr. 2. mgr. 3. gr. laga nr. 150/2019 um innheimtu opinberra skatta og gjalda. Hlutverk hans sé að innheimta skatta og gjöld sem lögð eru á og tryggja að álagðir skattar skili sér með sem bestum innheimtuárangri til ríkissjóðs og sveitarfélaga.

Greiðsluáskorun hafi verið birt á lögheimili sóknaraðila 16. maí 2023 og hafi sóknaraðili því verið upplýst um innheimtu á þeim gjöldum sem fjárnámið er byggt á. Sóknaraðili hafi ekki hreyft andmælum gegn kröfunni við fyrirtöku málsins hjá sýslumanni. Mótmæli bárust varnaraðila því fyrst eftir að fjárnám hafði farið fram.

Varnaraðili telur að með birtingu greiðsluáskorunar og boðun til fyrirtöku hjá sýslumanni hafi sóknaraðili verið nægjanlega upplýst um stöðu málsins og að reglum stjórnarsýslulaga hafi verið fylgt. Þá hafi sóknaraðili haft rík tækifæri og ástæðu til að kynna sér sjálf að eigin frumkvæði hver staða skulda sem hún beri sjálfskuldarábyrgð á væri á hverjum tíma.

Hvað varðar fjórðu málsástæðu sóknaraðila, að gerðin sé fallin niður vegna fyrningar, er því mótmælt. Krafa varnaraðila sé vegna tekjuáranna 2018 og 2019, en álagning opinberra gjalda vegna þeirra hafi farið fram á árunum 2019 og 2020. Elsti gjalddagi í vanskilum sé vegna tímabils 07 sem gjaldféll 1. júlí 2019 í samræmi við 4. mgr. 112. gr. laga nr. 90/2003. Greiðsluáskorun, sem reist var á sjálfskuldarábyrgð varnaraðila á sköttum fyrrum sambúðarmanns hennar, hafi verið birt varnaraðila 16. maí 2023 og aðfarar krafist með beiðni til Héraðsdóms Reykjavíkur 26. júní sama ár. Á greiðslustöðuyfirliti sem fylgir fjárnámsbeiðni megi sjá að elsti gjalddagi þeirrar kröfu sem fjárnámið byggist á er 1. júlí 2019. Með beiðni um áritun héraðsdóms á fjárnámsbeiðni 26. júní 2023 hafi fyrning kröfunnar verið rofin, sbr. 1. mgr. 52. gr. laga nr. 90/1989 og 1. mgr. 17. gr. laga nr. 150/2007 um fyrningu kröfuréttinda. Fjögurra ára fyrningarfrestur kröfunnar hafi því ekki verið liðinn þegar fyrningu var slitið með aðfararbeiðni til héraðsdóms.

Hvað varðar umfjöllun sóknaraðila um fjárslit vegna skilnaðar að borði og sæng hafi skilnaður að borði og sæng átt sér stað 30. apríl 2020, en þær kröfur sem til innheimtu eru hjá varnaraðila séu vegna tekjuáranna 2018 og 2019 og hafi sóknaraðili og eiginmaður hennar þá enn verið í hjúskap. Fjárnámsgerðin uppfylli því öll form- og efnisskilyrði laga um aðför nr. 90/1989, laga nr. 90/2003 um tekjuskatt og laga nr. 150/2019 um innheimtu opinberra skatta og gjalda. Varnaraðili hafnar því að nokkuð í aðdraganda þess að fjárnámsbeiðni var send valdi því að ógilda beri fjárnámsgerð sem fram fór hjá sóknaraðila og því beri að staðfesta gerðina.

### III

#### *Niðurstaða*

Mál þetta er rekið fyrir dóminum á grundvelli 15. kafla laga nr. 90/1989 um aðför. Samkvæmt 1. mgr. 92. gr. laganna er aðilum að aðfarargerð heimilt að krefjast úrlausnar héraðsdómara um gerðina, ef krafa þess efnis berst héraðsdómara innan átta vikna frá því að gerðinni var lokið. Umþrætt aðfarargerð fór fram 15. janúar 2024 og krafa sóknaraðila barst dóminum 8. mars s.á. Kröfunni er því beint til dómsins innan lögmaelts frests.

Ágreiningur máls þessa lýtur að gildi fjárnámsgerðar sem fram fór að kröfu varnaraðila í eignarhlut sóknaraðila í bifreiðinni [...], [...], fyrir vangoldnum sköttum, þ.e. opinberum þing- og sveitarsjóðsgjöldum fyrrverandi eiginmanns hennar. Var

aðfararbeiðnin studd við 9. tölul. 1. mgr. 1. gr. og 2. mgr. 3. gr. laga nr. 90/1989 um aðför og 1. og 5. mgr. 116. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt.

Til grundvallar aðfararbeiðninni lá greiðslustöðuyfirlit yfir gjaldfallnar skuldir sóknaraðila, ásamt dráttarvöxtum og kostnaði álagningarárin 2019 og 2020. Samkvæmt aðfararbeiðni nam krafa varnaraðila að heildarfjárhæð 4.918.183 krónum. Var hún sundurliðuð með þeim hætti að höfuðstóll nam 3.226.718 krónum, dráttarvextir reiknaðir til 14. desember 2023 1.658.465 krónum, kostnaður vegna fyrri innheimtu 20.000 krónum og aðfarargjald í ríkissjóð 13.000 krónum.

Við munnlegan flutning málsins lagði varnaraðili fram lækkaða kröfugerð. Nemur heildarkrafa varnaraðila samkvæmt henni nú 4.515.948 krónum, dráttarvextir til 14. desember 2023 1.460.151 krónu, kostnaður vegna fyrri innheimtu 20.000 krónum og aðfarargjald í ríkissjóð 13.000 krónum.

Sóknaraðili telur kröfu varnaraðila vanreifaða og þ. á m. kröfu um greiðslu dráttarvaxta. Telur sóknaraðili nánar óljóst hvenær greiðsluáskorun hafi verið birt fyrir henni. Þá hafi sóknaraðila ekki verið gefinn kostur á að taka til varna gagnvart skattaskuld fyrrverandi maka hennar og hún geti ekki verið aðili máls gagnvart skattaskuld hans, auk þess sem það hefði þurft að upplýsa hana sérstaklega um makaábyrgð skv. 116. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt svo að hún gæti nýtt sér andmælarétt sinn. Að lokum er á því byggt að krafa varnaraðila sé fyrnd og einnig fallin niður vegna tómlætis. Varnaraðili hefur mótmælt öllum þessum sjónarmiðum.

#### *Um vanreifun kröfu*

Í 1. mgr. 10. gr. laga nr. 90/1989 um aðför segir meðal annars að í aðfararbeiðni skuli tiltekið nákvæmlega hvers krafist er með aðfarargerð. Sé krafist aðfarar til fullnustu kröfu um peningagreiðslu skuli sundurliða fjárhæð hennar svo sem þá er kostur.

Samkvæmt gögnum málsins var greiðsluáskorun, dags. 28. apríl 2023, vegna hinna vangoldnu skatta fyrst birt á lögheimili sóknaraðila 16. maí 2023, fyrir fyrrverandi eiginmanni hennar. Þar kemur fram hver krafan sé, tiltekið að krafan á hendur sóknaraðila sé reist á 116. gr. laga nr. 90/2003 og því næst er höfuðstóll kröfunnar og dráttarvextir sundurliðaðir eftir gjalddögum. Varnaraðili sendi aðfararbeiðni, dags. 26. júní 2023, á grundvelli 3. tölul. 1. mgr. 11. gr. laga nr. 90/1989 til Héraðsdóms Reykjavíkur, þar sem hún var móttækin sama dag. Með aðfararbeiðninni fylgdi greiðslustöðuyfirlit sóknaraðila hjá innheimtumanni ríkissjóðs, þar sem höfuðstóll skuldarinnar og vextir eru sundurliðaðir á einstaka gjalddaga á tímabilinu 1. júlí 2019 til desember 2020. Í ljósi þessa telur dómurinn upplýsingar sem fram komu hvort tveggja í greiðsluáskorun og aðfararbeiðni skýrar og einnig þær heimildir sem hún styðst við. Er því hafnað kröfu sóknaraðila um frávisun málsins á þeim grundvelli að krafa varnaraðila sé vanreifuð.

### *Um ábyrgð maka*

Í 1. mgr. 116. gr. laga nr. 90/2003 er meðal annars mælt fyrir um að hjón beri óskipta ábyrgð á greiðslu skatta sem á þau eru lagðir og getur innheimtumaður ríkissjóðs gengið að hvoru hjóna um sig til greiðslu á sköttum þeirra beggja. Í 5. mgr. greinarinnar segir svo að gera megi aðför hjá þeim sem beri ábyrgð á greiðslu skatta til tryggingar þeim skattgreiðslum sem hann beri ábyrgð á samkvæmt greininni. Í 6. mgr. er áréttað að með ábyrgð samkvæmt greininni sé átt við sjálfskuldarábyrgð. Í 8. mgr. er loks kveðið á um að þeir sem beri ábyrgð á skattgreiðslum samkvæmt 1. mgr. beri einnig ábyrgð á greiðslu dráttarvaxta, kostnaðar og álags sem lagt sé á aðalskuldara samkvæmt 108. gr. og 122. gr. laganna og 28. gr. laga nr. 45/1987 um staðgreiðslu opinberra gjalda.

Með vísan til þessa ákvæðis er að mati dómsins ljóst að sóknaraðili beri ábyrgð á skattaskuldum fyrrverandi eiginmanns hennar sem aðfarar hefur verið krafist fyrir og stafa frá þeim tíma sem þau voru í hjúskap. Er þar um að ræða vangoldin þing- og sveitarsjóðsgjöld sem lögð voru á tekjur fyrrverandi eiginmanns sóknaraðila vegna tekjuáranna 2018 og 2019 og álagningarárin 2019 og 2020, en hjúskap þeirra lauk með skilnaði að borði og sæng 30. apríl 2020.

### *Um ábyrgð á dráttarvöxtum*

Kemur þá næst til skoðunar hvort ábyrgð sóknaraðila nái einnig til áfallinna dráttarvaxta. Samkvæmt aðfararbeiðni námu áfallnir dráttarvextir samtals 1.658.465 krónum 14. desember 2023. Lagaheimild fyrir innheimtu dráttarvaxta er að finna í 1. mgr. 114. gr. laga nr. 90/2003. Þar segir að sé skattur ekki greiddur innan mánaðar frá gjalddaga skuli greiða ríkissjóði dráttarvexti af því sem gjaldfallið er. Með gjalddaga sé átt við reglulega gjalddaga skv. 1.–4. og 6.–8. mgr. 112. gr. laganna. Þá kemur m.a. fram í 4. mgr. 112. gr. laganna að álagða skatta skuli greiða með sem næst jöfnum greiðslum á þeim gjalddögum sem eftir eru af árinu þegar álagning fer fram. Þá er ljóst af ákvæði 1. mgr. 7. gr. laga nr. 150/2019 um innheimtu opinberra skatta og gjalda að greiða beri dráttarvexti samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, hafi skattar og gjöld ekki verið greidd á eindaga, af þeirri fjárhæð sem gjaldfallin er frá gjalddaga. Þá er tekið fram að dráttarvextir og álag sem leggist á skatta og gjöld séu hluti kröfunnar og fyrnist ekki sjálfstætt.

Með 12. gr. laga nr. 33/2020 var nýrri málsgrein, 8. mgr., bætt við 116. gr. laga nr. 90/2003, þar sem fram kemur að þeir sem ábyrgð bera á skattgreiðslum skv. 1. og 2. mgr. og 4. mgr. 116. gr. laganna beri einnig ábyrgð á greiðslu dráttarvaxta, kostnaðar og álags sem lagt er á aðalskuldara skv. 108. gr. og 122. gr. laganna og 28. gr. laga um staðgreiðslu opinberra gjalda nr. 45/1987. Í almennum athugasemdum um frumvarpið kemur fram undir kafla 3.9, sem er með fyrirsögninni „Innheimta og ábyrgð“, að lagðar

séu til breytingar á ákvæði 116. gr. með það að markmiði að skýra ábyrgð þriðja aðila sem beri ábyrgð á skattgreiðslum. Þá sé lagt til að við ákvæðið verði bætt málsgrein um að þeir sem ábyrgð beri á skattgreiðslum samkvæmt ákvæðinu „beri einnig ábyrgð á greiðslu dráttarvaxta, kostnaðar og álags sem lagt er á aðalskuldara skv. 108. gr. og 122. gr. laganna og 28. gr. laga um staðgreiðslu opinberra gjalda, nr. 45/1987“.

Í athugasemdum um 12. gr. í frumvarpi að lögum nr. 33/2020 kemur fram að tilefni lagasetningarinnar sé að rekja til dóms Hæstaréttar 16. maí 2019 í máli nr. 18/2018, þar sem komist hafi verið að þeirri niðurstöðu að skýra lagaheimild hafi skort í lögum um tekjuskatt til að innheimta hjá maka álag sem lagt væri á aðalskuldara skv. 2. mgr. 108. gr. laganna. Með frumvarpinu væri brugðist við dóminum og því lagt til að kveða á um með afdráttarlausum hætti að ábyrgð hjóna og samskattaðs sambúðarfólks skv. 116. gr. laga um tekjuskatt tæki einnig til skatts vegna beitingar refsikennds álags (vanskilaálags) sem lagt væri á skattstofn aðalskuldara skv. 108. gr. laganna og 28. gr. laga um staðgreiðslu opinberra gjalda. Með ákvæðinu væri tekið mið af þeim kröfum sem gerðar væru til skýrleika refsheimilda, sbr. 1. mgr. 69. gr. stjórnarskrárinnar og 1. mgr. 7. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994.

Af greindum lögskýringargögnum verður ekki annað ráðið en að með þeim breytingum sem gerðar voru með því að bæta við hinni nýju 8. mgr. 116. gr. laganna, væri verið að bregðast við dómi Hæstaréttar í tengslum við skort á skýrri lagaheimild til að gera maka ábyrgan fyrir refsíalagi sem lagt hefði verið á vangoldnar tekjur maka. Fyrir því voru færð sérstök rök sem lúta að skýrleika refsheimilda. Ekkert í lögskýringargögnum gefur til kynna að löggjafinn hafi litið svo á að sambærilega heimild hafi skort í lög um ábyrgð maka á greiðslu dráttarvaxta. Þvert á móti tekur löggjafinn fram að það kunni einnig að vera til skýringar á „gildandi rétti“ að tilgreina sérstaklega um ábyrgð maka á greiðslu dráttarvaxta og kostnaði. Þannig er ekkert í greindum lögskýringargögnum sem gefur til kynna að makaábyrgð hafi samkvæmt gildandi rétti ekki náð til ábyrgðar á greiðslu dráttarvaxta og kostnaðar og að ætlunin hafi verið að bæta þar úr. Við þetta bætist að í skatta- og dómaframkvæmd hefur verið óumdeilt að sjálfskuldarábyrgð maka nái einnig til áfallinna dráttarvaxta á vangoldnar skattkröfur. Lög um tekjuskatt eru skýr um að vangoldnar skattkröfur beri dráttarvexti, sbr. einnig 7. gr. laga nr. 150/2019, og verður ekki talið að sjónarmið um skýrleika refsheimilda sem var tilefni lagabreytingarinnar eigi einnig við um dráttarvexti, eins og byggt er á af hálfu sóknaraðila. Er þessari málsástæðu sóknaraðila því hafnað.

#### *Um andmælarétt*

Sóknaraðili telur að henni hafi ekki verið gefinn kostur á að taka til varna gagnvart skattaskuld fyrrverandi eiginmanns hennar, þ. á m. dráttarvaxtakröfunni.

Þau gjöld sem eru til grundvallar hinni umþrættu aðfarargerð eru tilkomin vegna álagningar opinberra gjalda 2019 og 2020 á fyrrverandi eiginmann sóknaraðila. Álagning ríkisskattstjóra var gerð á grundvelli 95. gr. laga nr. 90/2003 í samræmi við upplýsingar sem sóknaraðili og fyrrverandi eiginmaður hennar færðu inn á sameiginleg innsend skattframtöl þeirra 2019 og 2020, sbr. einnig 80. gr. laga nr. 90/2003, þar sem m.a. kemur fram að hjón skuli telja saman allar eignir sínar og skuldir. Hin vangoldna skattaskuld er því ekki tilkomin vegna endurákvörðunar skattýfirvalda um opinber gjöld fyrrverandi eiginmanns sóknaraðila eða vegna skattrannsóknar, eins og ranglega er haldið fram í greinargerð sóknaraðila. Auk þess er grundvöllur álagningarinnar byggður á upplýsingum sem fram koma í innsendum skattframtölum sóknaraðila og engu öðru.

Að lokinni álagningu opinberra gjalda er ríkisskattstjóra gert að birta hverjum skattaðila upplýsingar um þá skatta sem á hann hafa verið lagðir, sbr. 98. gr. laga nr. 90/2003. Má því ganga út frá því að sóknaraðili hafi fengið upplýsingar um álagða skatta hennar og þáverandi eiginmanns við lok álagningar opinberra gjalda og að niðurstaða um álagða skatta hafi því ekki getað farið fram hjá henni. Fyrir liggur að álagningu opinberra gjalda lauk 31. maí 2019 vegna tekjuársins 2018 og 29. maí 2020 vegna tekjuársins 2019 með auglýsingum ríkisskattstjóra, m.a. í Lögbirtingablaðinu, um að álagningu væri lokið svo og hvar og hvenær álagningarskrár lægju frammi, sbr. 1. mgr. 98. gr. laga nr. 90/2003. Þá liggur einnig fyrir að greiðsluáskorun var birt fyrir sóknaraðila á heimili hennar 16. maí 2023 og hún upplýst um innheimtu á þeim gjöldum sem liggja til grundvallar aðfararbeiðni, sbr. 7. gr. laga nr. 90/1989 um aðför. Engar forsendur voru því til þess að gefa sóknaraðila kost á að koma að sjónarmiðum sínum auk þess sem álagning á tekjur fyrrverandi eiginmanns sóknaraðila sem sjálfstæðs skattaðila hafði ekki áhrif á álagningu sóknaraðila. Bendir dómurinn í því sambandi á að samkvæmt 5. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt eru hjón sjálfstæðir skattaðilar hvort um sig og skal þeim ákveðinn tekjuskattur hvoru í sínu lagi. Málsástæðum sóknaraðila um að það hafi þurft að upplýsa hana sérstaklega eða gefa henni kost á að tjá sig um sjálfskuldarábyrgð hennar skv. 116. gr. laga nr. 90/2003 eiga því ekki við rök að styðjast eins og atvikum er hér háttað og er málsástæðum þess efnis því hafnað.

#### *Um fyrningu og tómlæti*

Sóknaraðili telur að krafa varnaraðila hafi verið fallin niður fyrir fyrningu eða tómlæti þegar „fjárnámið var framkvæmt“. Vísar sóknaraðili með almennum hætti til ákvæða skattalaga og laga nr. 150/2007 máli sínu til stuðnings. Að öðru leyti var málsástæða þessi ekki rökstudd í kröfu sóknaraðila. Við munnlegan flutning málsins tók lögmaður sóknaraðila fram að átt væri við að krafan væri fyrnd í heild eða hluta samkvæmt 9. og 52. gr. laga nr. 90/1989 vegna þess að henni hefði ekki verið haldið fram án ástæðulauss dráttar hjá Héraðsdómi Reykjavíkur og hjá varnaraðila.

Aðfararbeiðni, dags. 26. júní 2023, var mótekin í Héraðsdómi Reykjavíkur þann dag og var síðan árituð af héraðsdómara í samræmi við 2. mgr. 12. gr. laga nr. 90/1989 5. desember 2023. Samkvæmt 1. mgr. 17. gr. laga nr. 150/2007 um fyrningu kröfuréttinda er fyrningu slitið þegar beiðni um fullnustugerð berst héraðsdómara eða sýslumanni og fullnægt er að öðru leyti skilyrðum 52. gr. laga nr. 90/1989 um aðför og 2. mgr. 12. gr. laga um nauðungarsölu. Í 52. gr. laga um aðför segir að fyrningu aðfararhæfrar kröfu sé slitið ef aðfararbeiðni berst héraðsdómara eða sýslumanni fyrir lok fyrningartíma og gerðinni er síðan fram haldið án ástæðulauss dráttar. Aðfararbeiðni varnaraðila, dags. 26. júní 2023, var móttækin hjá Héraðsdómi Reykjavíkur sama dag. Aðfararbeiðni var síðan árituð af héraðsdómara í samræmi við 2. mgr. 12. gr. sömu laga hinn 5. desember 2023 eða rúmum fimm mánuðum eftir móttöku beiðninnar og fór hin umþrætta aðfarargerð síðan fram 15. janúar 2024. Verður ekki talið að sá tími sem leið frá móttöku aðfararbeiðni þar til framkvæmd gerðarinnar náði fram að ganga valdi því að móttaka beiðninnar hafi ekki rofið fyrningu kröfunnar, sbr. 52. gr. laga um aðför. Er krafan því ófyrnd. Þá er krafa sóknaraðila um tómlæti með öllu órökstudd og er henni einnig hafnað.

Með skírskotun til alls þess er að framan greinir er fallist á kröfu varnaraðila um staðfestingu aðfarargerðarinnar eins og nánar greinir í úrskurðarorði.

Eftir úrslitum málsins og með vísan til 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. 1. mgr. 94. gr. laga nr. 90/1989, ber sóknaraðila að greiða varnaraðila 500.000 krónur í málskostnað.

Ragnheiður Snorradóttir héraðsdómari kveður upp úrskurð þennan.

### **Úrskurðarorð:**

Staðfest er aðfarargerð Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu nr. 2023-[...], sem fram fór 15. janúar 2024, í bifreið sóknaraðila með skráningarnúmerið [...] til tryggingar kröfu varnaraðila að fjárhæð 4.515.948 krónur.

Sóknaraðili greiði varnaraðila 500.000 krónur í málskostnað.

Ragnheiður Snorradóttir